

Nr. 136 / 12 Brúarfoss***Skipverji slasast við lestun***

IMO.nr. 8914568
Fánaríki: Antigua Barbuda
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. nóvember 2012 var Brúarfoss við bryggju í Immingham.

Hafnarkrani var að hífa gám um borð þar sem skipverjar unnu við sjóbúnað en við það féll gámaskór úr honum og lenti á hægri framhandlegg eins þeirra. Skipverjinn var sendur til læknis þar sem í ljós kom að hann var ekki brotinn en mjög bólginn. Hann varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að hífa gáminn í fjórðu gámahæð og gámaskór höfðu verið settir neðan í hann í landi. Við hífinguna hafði gámurinn aðeins sest að hluta í gáminn sem hann átti að fara ofan á. Þurfti því að hífa hann upp aftur en við það aflagaðist gámaskórinn með þeim afleiðingum að hann féll úr gámnum og niður á skipverjann sem stóð á þilfarinu fyrir neðan;
- að skipverjinn var með öryggishjál og í öryggisskóm. Hann taldi sig ekki hafa staðið á óeðlilegum stað á þilfarinu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.